

1 Nýtum tækifærin

2 Drög að stjórn málaályktun 40. landsfundar Sjálfstæðisflokksins

3 Forystuhlutverk Sjálfstæðisflokksins í íslenskum þjóðmálum hvílir á grundvelli einstaklingsfrelsis,
4 ábyrgðar og sjálfstæðis með hagsmuni allra stétta að leiðarljósi. Þessi megin stefna sjálfstæðisstefnunnar
5 eru leiðarvísir fyrir íslenskt samfélag og á forsendum hennar á þjóðin fjölmörg tækifæri til að bæta hag
6 sinn og efla allt mannlíf í landinu.

7 Sjálfstæðisflokkurinn vill leiða nýja sókn íslensku þjóðarinnar til framfara á öllum sviðum þjóðlífsins. Á
8 grundvelli stefnu Sjálfstæðisflokksins er hægt að ná sátt um grunnildi samfélagsins, auka
9 verðmætasköpun og atvinnu og einnig að tryggja að viðunandi lausn náist á skuldavanda heimilanna.

10 Landsfundur Sjálfstæðisflokksins leggur höfuðáherslu á mikilvægi þess að atvinnulíf landsmanna verði
11 eflt með öllum ráðum. Afkoma heimilanna og öll starfsemi hins opinbera hvílir á verðmætasköpun
12 atvinnulífsins. Öflugri atvinnustarfsemi eykur tekjur heimilanna og kemur í veg fyrir að skera þurfi niður
13 nauðsynlega þjónustu í félags-, heilbrigðis- og menntamálum.

14 Landsfundur Sjálfstæðisflokksins hafnar leið ríkisstjórnarinnar í atvinnumálum þjóðarinnar.
15 Skattahækkanir hafa dregið kraft úr atvinnustarfseminni og rýrt kaupmátt almennings. Árásir
16 ríkisstjórnarinnar á einstakar atvinnugreinar hafa tafið fyrir fjárfestingum og stefnuleysi og óeining í orku-
17 og iðnaðarmálum hafa valdið stórkostlegum skaða.

18 Landsfundur Sjálfstæðisflokksins vill að gripið verði til aðgerða til þess að leysa þann mikla skuldavanda
19 sem enn hvílir á þúsundum heimila. Nauðsynlegt er að ráðist verði í markvissari og árangursríkari
20 aðgerðir til þess að leysa þennan alvarlega vanda.

21 Ákærur á hendur Geir H. Haarde, fyrrverandi formanni Sjálfstæðisflokksins og fyrrverandi
22 forsætisráðherra, eru ógeðfelld pólitísk réttarhöld. Landsfundur lýsir yfir fullum stuðningi við Geir H.
23 Haarde og bendir um leið á hversu alvarlegt fordæmi Alþingi hefur sett með ákvörðun sinni um pólitíska
24 málshöfðun.

25 Landsfundur Sjálfstæðisflokksins leggur höfuðáherslu á að þjóðinni verði gert kleift að nýta þau tækifæri
26 sem við blasa til að vinna sig út úr efnahagserfiðleikum. Tillögur landsfundar byggjast á því að
27 endurheimta traust, stöðugleika og bjartsýni í íslensku samfélagi.

28 Íslendingar eiga mikið undir umhverfisvernd og sjálfbærri nýtingu auðlinda. Sjálfstæðisflokkurinn minnir
29 á að sjálfbær þróun og nýting auðlinda snýst um velferð mannkyns. Stjórnvöld gegna mikilvægu
30 hlutverki og bera mikla ábyrgð við mótun almennrar stefnu í umhverfismálum. Ekkert er þó jafn
31 mikilvægt og ábyrgð einstaklingsins á því sviði. Viðurkenna ber að maðurinn er hluti af umhverfinu og á
32 sinn rétt sem slíkur við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda.

33 Nýtum tækifærin – sókn í atvinnumálum

34 Nauðsynlegt er að gripið verði til margháttaðra aðgerða til þess að efla atvinnustarfsemi í landinu.
35 Fjárfesting í íslensku atvinnulífi er hættulega lítil og hagvaxtarhorfur því slæmar. Atvinnuleysi er
36 óbærilegt og þúsundir hæfileikaríkra Íslendinga hafa og eru að flýja land með þeim afleiðingum að
37 íslenskt samfélag verður af dýrmætri þekkingu og reynslu. Þessari þróun verður að snúa við og því
38 leggur landsfundur Sjálfstæðisflokksins áherslu á eftirfarandi atriði:

39 Skattahækkanir vinstri stjórnarinnar verði dregnar til baka ásamt því að skattkerfið verði einfaldað til
40 hagsbóta fyrir launþega og fyrirtæki.

41 Allt kapp verði lagt á að afnema gjaldeyrishöftin. Með agaðri efnahagsstjórn er unnt að draga úr vægi
42 verðtryggingar. Draga ber jafnt og þétt úr áhrifum verðtryggingar og áhersla skal lögð á að aðgerðir í

43 ríkisfjármálum styðji við peningamálastefnuna. Mikilvægt er að fram fari ítarleg umræða um hvaða kostir
44 standi Íslandi til boða í gjaldmiðlamálum. Íslendingar verða að skipa efnahagsmálum sínum með þeim
45 hætta að þeir geti skipt um gjaldmiðil ef þeim sýnist svo.

46 Ljúka þarf fjárhagslegri endurskipulagningu fyrirtækja samhliða því að bankakerfi landsmanna verði
47 sniðinn stakkur eftir vexti. Jafnframt bendir landsfundur Sjálfstæðisflokksins á að of hægt hefur gengið
48 að koma fyrirtækjum úr eignarhaldi bankanna. Afleiðingarnar eru ósanngjörn samkeppnisstaða sem
49 bitnar helst á þeim sem fóru gætilega í rekstri fyrirtækja sinna. Rekstrarumhverfi lítilla og meðalstórra
50 fyrirtækja verði bætt með aðgerðum sem m.a. hvetja til fjárfestinga.

51 Taka ber núgildandi tollalöggjöf til gagn Gerrar endurskoðunar með það að markmiði að efla hag
52 neytenda.

53 Sjávarútveginum verði tryggt öruggt rekstrarumhverfi með því að staðfest verði sú sátt sem náðist í
54 svonefndri sáttanefnd um málefni greinarinnar. Þar með skapast skilyrði til fjárfestinga sem stuðla að
55 hagvexti.

56 Fjölmörg tækifæri eru til að auka orkuframleiðslu í góðri sátt við náttúru landsins. Þar á meðal eru
57 virkjanir í neðri hluta Þjórsár, í Þingeyjarsýslum, á Reykjanesi og víðar. Tryggð verði næg orka til þess
58 að áform um kraftmikla uppbyggingu orkufreks iðnaðar nái fram að ganga.

59 Nýsköpun verði eflid og sérstaklega verði hlúð að skapandi greinum.

60 Mennta- og vísindastarfsemi eru grunnurinn að efnahagslegum framförum þjóðarinnar. Áherslur í
61 þessum málaflokki þurfa að endurspegla fjölbreyttar þarfir efnahagslífsins um leið og fjölbreytt
62 námsframboð tryggir að sem flestir fái stundað nám í samræmi við getu sína, áhuga og hæfileika.

63 **Nýtum tækifærin – sátt um stöðu heimilanna**

64 Forsendubrestur varð í fjármálum þúsunda heimila í kjölfar bankahrunsins. Of hægt hefur gengið að
65 leysa þann vanda sem skapaðist og fálkennar aðgerðir ríkisstjórnarinnar duga ekki til. Landsfundur
66 Sjálfstæðisflokksins leggur áherslu á að:

67 Fólki verði gert kleift að búa í eigin húsnæði. Eignamyndun í eigin íbúðarhúsnæði er grunnur að
68 fjárhagslegu öryggi heimilanna.

69 Sjálfstæðisflokkurinn vill færa niður höfuðstól verðtryggðra og gengistryggðra húsnæðislána. Þessi
70 aðgerð og önnur endurskipulagning skulda heimilanna er forsenda fyrir auknum hagvexti og
71 framtíðaruppbyggingu íslensks þjóðfélags. Aðgerðir til lausnar skuldavanda einstaklinga eiga að vera
72 almennar en ekki það sértækar að leiði til mismununar borgaranna og brjóti gegn jafnræðisreglu
73 stjórnarskrárinnar.

74

75 Þeim sem ekki geta staðið undir skuldsetningu vegna íbúðakaupa sinna þrátt fyrir skuldaaflögun þurfa
76 að eiga þess kost að uppfylltum ákveðnum skilyrðum að skila fasteign sinni og fella um leið niður allar
77 skuldir er á fasteigninni hvíla. Slíkt fyrirkomulag skal gilda til ársloka 2013.

78

79 Tryggt verði að niðurfelldar skuldir einstaklinga vegna fasteigna myndi ekki skattstofn.

80 Lægri skattar og auknar tekjur munu auðvelda skuldugum heimilum að rétta stöðu sína. Hagvöxtur og
81 aukinn kaupmáttur launa er forsenda þess að íslensk heimili endurheimti þau líf skjör sem hafa tapast á
82 undanförunum árum.

83 **Nýtum tækifærin – endurheimtum stöðugleika og samstöðu**

84 Forsenda þess að hægt sé að bæta líf skjör þjóðarinnar er að stöðugleiki og festa ríki í samfélaginu. Á
85 undanförunum árum hefur verið grafið undan grundvallarstofnunum samfélagsins og pólitísk óvissa og

86 skammsýni hefur dregið úr fjárfestingum og þar með tafið efnahagsbatann. Jafnframt hefur verið stofnað
87 til átaka um ýmis grundvallaratriði þjóðskipulagsins og eykur það mjög á alla óvissu. Landsfundur
88 Sjálfstæðisflokksins vill því áréttta eftirfarandi:

89 Ákvörðun meirihluta Alþingis um að hundska niðurstöðu Hæstaréttar vegna ógildingar kosninga til
90 stjórnlagabþings var alvarleg aðför að sjálfstæði dómstóla. Landsfundur Sjálfstæðisflokksins leggur
91 áherslu á að einungis verði gerðar þær breytingar á stjórnarskránni sem víðtæk sátt næst um en hafnar
92 alfarið ábyrgðarlausum tilraunum ríkisstjórnarinnar til að kollvarpa nógildandi stjórnarskrá.

93 Sjálfstæðisflokkurinn telur að kristin gildi séu þjóðinni til góðs nú sem fyrr og að hlúa beri að kirkju og
94 trúarlífi.

95 Öllum hugmyndum um þjóðnýtingu atvinnufyrirtækja og áframhaldandi hringlanda með skattkerfi er
96 alfarið hafnað.

97 Nýting orkulinda og annarra náttúruauðlinda þarf að vera í sátt við umhverfið, nýtingarsjónarmið og
98 verndun verða að haldast í hendur. Sjálfstæðisflokkurinn hafnar öfgasjónarmiðum í þessum málaflokki.

99 Almenn sátt þarf að ríkja um áherslur í byggðamálum. Styrkja þarf stöðu jaðarbyggða og mæta þeim
100 vanda sem fólksfækkun og einhæft atvinnulíf hefur haft í för með sér. Sjálfstæðisflokkurinn vill skýra og
101 markvissa byggðastefnu þar sem vanda atvinnusvæða, sem eiga undir högg að sækja, er mætt með
102 langtímastefnumörkun en ekki með skyndilausnum.

103 Áfram þarf að efla sveitarstjórnastigið, þannig að hægt verði að flytja þangað verkefni sem best er
104 stjórnað í sem mestri nálægð við íbúa hvers landshluta eða sveitarfélags. Samstaða þarf að vera um
105 helstu framkvæmdir í samgöngumálum þjóðarinnar. Uppbygging vegakerfisins verði markviss og taki
106 mið af umferðarþunga, byggðasjónarmiðum, öryggiskröfum og hagkvæmni. Mikilvægt er að sátt náist
107 um þá stefnu Sjálfstæðisflokksins að Reykjavíkurlugvöllur skuli áfram vera miðstöð innanlandsflugs

108 **Nýtum tækifærin –Treystum stöðu ríkissjóðs – Forgangsröðum í þágu fólksins**

109 Nauðsynlegt er að draga úr umsvifum ríkisins og tryggja að ríkissjóður verði rekinn með afgangi og
110 skuldir hans greiddar þannig niður. Umsvif ríkissjóðs jukust mjög á síðasta áratug og því eru fjölmörg
111 tækifæri til að endurskipuleggja rekstur á vegum ríkisins og tryggja þannig góða þjónustu fyrir minni
112 fjármuni. Landsfundur Sjálfstæðisflokksins leggur áherslu á eftirfarandi:

113 Tekjur af auknum umsvifum í efnahagslífinu sem fylgja framkvæmd efnahagsáætlunar
114 Sjálfstæðisflokksins á að nota til að greiða niður skuldir ríkissjóðs og lækka skatta en ekki til að auka
115 opinberan rekstur eða til að draga úr nauðsynlegum aðhaldsaðgerðum. Velferð byggð á skuldaförum er
116 á kostnað velferðar komandi kynslóða.

117 Nauðsynlegt er að aga öll vinnubrögð við gerð fjárlaga og horfa til lengri tíma en áður hefur verið gert við
118 vinnu þeirra. Í þeirri stöðu sem rekstur ríkisins er þarf að velja af kostgæfni þau verkefni sem tekjur
119 standa undir og hætta framlögum til þeirra verkefna sem hægt er að komast af án. Auka þarf ábyrgð
120 yfirmanna og stofnana ef útgjöld fara umfram fjárheimildir og byggja þarf upp kerfi sem mælir betur
121 árangur í rekstri og hvetur til ráðdeildar.

122 Menntakerfi þjóðarinnar þarf að vera í stöðugri þróun. Leggja ber áherslu á fjölbreytni, valfrelsi og
123 hagkvæman rekstur. Því er mikilvægt að fjölbreytt rekstrarform fái notið sín. Útgjöld til menntunar er ein
124 hagkvæmasta fjárfesting sem þjóðin á vól á. Menntun og vísindarannsóknir eru forsenda hagvaxtar í
125 nútímahagkerfum og samkeppnishæfni þjóða mun í ríkari mæli ráðast af menntunarstigi þeirra. Miklu
126 skiptir að nýta vel alla þá fjármuni sem varið er til þessa málaflokks og leita ber allra leiða til að hagræða
127 í rekstri án þess að dregið verði úr gæðum náms og rannsókna.

128 Tryggja verður að unnið verði á grundvelli langtímastefnumótunar í heilbrigðis- og félagsmálum. Móta
129 þarf skýra stefnu um forgangsröðun í heilbrigðiskerfinu og nýta þer fjölbreytt rekstrarform til að auka
130 þjónustu og hagkvæmni í rekstri.

131 Auka þarf forvarnir og heilsueflingu og tryggja að allir landsmenn hafi aðgang að góðri
132 heilbrigðisþjónustu, óháð búsetu og efnahag.

133 Nauðsynlegt er að eldri borgarar ráði sem mestu um starfslok sín og geti tengt þau starfsgetu sinni og
134 útgreiðslu lífeyris.

135 Afturkalla þarf þá kjaraskerðingu sem aldraðir hafa orðið fyrir í tíð núverandi ríkisstjórnar og tryggja þarf
136 að þeir sem náð hafa 70 ára aldri geti aflað sér atvinnutekna án þess að greiðslur frá Tryggingastofnun
137 ríkisins skerðist. Þetta á einnig við um þá sem þiggja lífeyri vegna örorku.

138 Fjölbreytt úrval heimabjónustu á að vera í boði fyrir eldri borgara, þannig að sem flestir geti fengið
139 aðstoð við hæfi. Framboð af hjúkrunarrýmum þarf að vera í samræmi við þörf.

140 **Nýtum tækifærin – styrkjum stöðu Íslands á alþjóðavettvangi**

141 Utanríkisstefna Íslands byggist á nánú samstarfi við önnur ríki um frið, frelsi, mannréttindi, frjáls viðskipti
142 og virðingu fyrir sjálfsákvörðunarrétti þjóða. Utanríkisstefnan þarf að styðja við atvinnustefnu
143 þjóðarinnar, jafnframt því sem öryggi þjóðarinnar verður að vera tryggt. Því vill landsfundur
144 Sjálfstæðisflokksins leggja áherslu á eftirfarandi grundvallaratriði:

145 Varnir landsins verða best tryggðar með aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu og með áframhaldandi
146 varnarsamstarfi við Bandaríkin. Tryggja verður að varnir landsins séu ávallt í samræmi við þarfir
147 þjóðarinnar.

148 Efla þer samstarf við önnur ríki um öryggismál á norðurslóðum. Einkum þer að þróa samstarfið við
149 Bandaríkin á þeim vettvangi.

150 Leggja þer áherslu á samstarf innan vébanda Norðurskautsráðsins um málefni norðurslóða og nýtingu
151 tækifæra sem þar skapast.

152 Sjálfstæðisflokkurinn telur að hagsmunum Íslands sé betur borgið með því að standa fyrir utan Evrópu-
153 sambandið (ESB) og styður því ekki aðildarviðræður ríkisstjórnarinnar. Samstarfinu við ESB er best
154 viðhaldið og það eflt á grundvelli EES-samningsins. Sjálfstæðisflokkurinn varaði við því að hafnar yrðu
155 aðildarviðræður við ESB án þess að ákvörðun um að óska eftir aðild væri tekin á grundvelli breiðrar
156 samstöðu í samfélaginu og án þess að skýr samningsmarkmið lægju fyrir. Ekkert tillit var tekið til þeirra
157 aðvarana og eru aðildarviðræðurnar nú í ógöngum á ábyrgð klotinnar ríkisstjórnar til málsins.
158 Landsfundur ályktar að gera skuli hlé á aðildarviðræðum við Evrópusambandið og þær ekki hafnar að
159 nýju nema það verði samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu.

160 Standa þer sem fyrr vörð um efnahagslögsöguna, landgrunnsréttindi og fiskveiðiréttindi þjóðarinnar og
161 tryggja henni sanngjarnan hlut í deilistofnum.

162 Vinna þarf markvisst að því að fjölga fríverslunarsamningum við önnur lönd. Æskilegast er í því
163 sambandi að Ísland beiti sér innan EFTA fyrir því að ráðist verði í gerð frekari samninga svo auðvelda
164 megi til muna hagkvæm viðskipti við sem flest ríki heims. Leggur Sjálfstæðisflokkurinn áherslu á að
165 leitast verði við að ná fríverslunarsamningum við m.a. Bandaríki Norður-Ameríku, Kína, Indland og
166 Japan, annað hvort á vettvangi EFTA eða á eigin vegum.